



08/01 2020

Stjórn og trúnaðarráð FÍR

Stórhöfða 31 4.hæð

Mætt voru: Andri Reyur Haraldsson, Borgþór Hjörvarsson, Sigmundur Grétarsson, Helgi M Ingason, Margrét Arnarsdóttir, Kristján Helgason, Magni Rafn Jónsson, Jakob Þór Leifsson, Þór Ottesen, Guðjón Guðmundsson, Gauti Þorvaldsson, Arnar, Adam Kári Helgason, Eiríkur Jónsson og Guðmundur Ævar Guðmundsson.

Í fjarfundi: Berglind Leifsdóttir

Gestur: Ólafur lögfræðingur RSÍ

Fundur settur : 18:00

Fyrsti fundur stjórnar og trúnaðarráðs 2020

Borgþór setur fundin og segir ekki mörg málefni liggja fyrir, aðallega verður farið yfir framboðsmál.

Ritari les fundargerð frá síðasta fundi þar sem einungis stjórn fundaði. Samþykkt með breytingum frá Kristjáni Helgasyni og Borgþóri.

Ólafur fer yfir minnisblað sitt vegna kosninga í stjórn og trúnaðarráð FÍR.

- Ólafur telur að ekki þurfi að skilja lög FÍR þannig að trúnaðarráði sé skylt að velja einn í hverja stöðu sem er í framboði. Trúnaðarráð getur mælt með öllum framboðum að því gefnu að framboðið sé löglegt.
- Hvorki Borgþór né Margrét ætla sér að hætta hvernig sem kosningar fara.
- Umræður um undirskriftir á framboð.
- Lagt til að bæði Margrét og Borgþór safni sínum undirskriftum utan þessa borðs (stjórnar og trúnaðarráðs).

Fæðingarorlofsstyrkur ræddur, búið að breyta orðalagi til þess að koma í veg fyrir misskilning.

Adam leggur til að breyta styrkjum almennt þannig að hægt sé að nýta þá fyrir börn á framfæri.

Þór Ottesen ætlar að hætta í ákvæðisvinnunefnd og tilnefnir Odd Bogason í sinn stað.

Borgþór leggur tilnefningu Odds það fyrir miðstjórn á næsta fundi.

Fundi slitið 19:07